

Til sveitarstjórnar Borgarbyggðar

Digranesgötu 2

310 Borgarnes

Jaðri 3. apríl 2025

**EFNI: Holtavörðuheildarlína 1.**

Í framhaldi af fundi stjórnar Hagsmunasamtaka landeigenda vegna Holtavörðuheildarlínu 1 með sveitarstjórn og sveitarstjóra Borgarbyggðar sem fram fór í ráðhúsinu þann 25. febrúar s.l. vilja samtökin senda eftirfarandi erindi til sveitarstjórnar:

Á ofangreindum fundi kom m.a. fram að sveitarstjórnin vildi gæta hagsmuna sveitarfélagsins í málinu og taka undir sjónarmið okkar. Ekki vildu þó fulltrúar orða þann stuðning nákvæmlega á þeim fundi þar sem formlega afgreiðslu sveitarstjórnar þyrfti til. Með bréfi þessu óskum við eftir því að sveitarstjórn taki skýra afstöðu með okkur landeigendum og komi því á framfæri við einkafyrirtækið Landsnet og ráðherra málaflokksins að sveitarfélagið hyggist ekki gera neinar þær stjórnvaldsákvæðanir, eða -tillögur sem fremji þær áætlanir sem kynntar eru í umhverfismatskýrslu vegna HH1.


Til áréttingar á afstöðu okkar er hér meðfylgjandi bókun félagsfundar, samhljóða samþykkt á fundi þann 20. mars 2025.

*„Hagsmunasamtök landeigenda vegna Holtavörðuheildarlínu 1 afbakkar Holtavörðulínu 1 um lönd félagsmanna sinna og bendir ríkinu sem eiganda Landsnets og Landsneti hf á að nýta lönd ríkisins ef hægt er að finna út að framkvæmdin í þeirri mynd sem hún hefur verið sett fram getur talist til almannahagsmuna. Það gengur gegn öllu meðalhófi og stefnu ríkisins um lagningu raflína að leggja ekki raflínuna stystu leið og nýta þá land ríkisins. Árangurslaust hefur verið í mörg ár bent á ýmsa hluti varðandi þessa fyrirhuguðu framkvæmd, sem jafnharðan er sópað undir teppið. Þá óskar fundurinn eftir að Hrutatungulína 1 verði fjarlægð, þegar ný byggðalína hefur verið lögð enda er líftími hennar á enda. Félagið bendir á að vel er mögulegt að styrkja raforkuflutningskerfi landsins án þess að brjóta meðalhóf, eignarétt og mannréttindi. Þetta má gera með því að finna línunni hentugan stað.“* Samþykkt samhljóða.

Eðli málsins samkvæmt felst í þessari einörðu yfirlýsingu landeigenda sú afstaða að Holtavörðuheildarlína 1 fari ekki inn á Aðalskipulag Borgarbyggðar.

Virðingarfyllst,

fyrir hönd stjórnar samtakanna

  
Eiríkur Blöndal